

## Dagskrá 18. samráðsfundar sambandsins með fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofur/fræðslustjórar

17. maí 2022

### 1. Menntaflétta 2022-2023

Verkefnastjórategymi Menntafléttunnar hefur lagt lokahönd á námskeiðsframboðið fyrir næsta skólaár. Námskeiðin eru ætluð kennurum leik- og grunnskóla, ófaglærðu starfsfólki leikskóla, fagfólki skólabókasafna, stjórnendum, stuðningsfulltrúum og frístundaleiðbeinendum. Menntafléttunámskeið eru styrkt af ráðuneytinu og þátttakendum að kostnaðarlausu. Afar mörg spennandi námskeið á hlaðborðinu fyrir næsta vetur og kynntu þær Oddný Sturludóttir og Ingileif Ástvaldsdóttir, verkefnastýrur Menntafléttu, þau helstu á fundinum.

*Fram kom að nú væri annað starfsár Menntafléttu (Mf) að hefjast en verkefnið er stutt af ráðuneytinu og hugsað til tveggja ára. Þær binda vonir við að framhald verði á verkefninu sem hefur hlotið einróma lof þeirra sem setið hafa námskeiðin. Alls voru boðin 19 námskeið sl. vetur og verða þau 26 næsta vetur. Sérstaða Mf er að hún miðar að því að styrkja námssamfélög kennara og stuðla að samstarfi þeirra á milli með því að þjálfa leiðtoga á vettvangi sem síðan efla sinn vinnustað. Miklu skiptir að hafa teymi innan hvers skóla. Mf er ekki einingarbært nám. Námskeiðin ná yfir allan veturinn og rík áhersla lögð á að nemendur geti praktiserað það jafnóðum sem verið er að predika.*

*Oddný og Ingileif fóru svo yfir þau námskeið sem boðin verða komandi vetur og nefndu jafnframt "Opnu menntafléttuna" þar sem unnt verður að nálgast öll verkefni rafrænt þegar hverjum og einum hentar. Hún verður kynnt betur síðar á þessum vettvangi. Glærukyning þeirra er aðgengileg á Teams-svæði fundarins.*

### 2. Farsæld barna, 30 eininga fjarnám til diplómagráðu

Ragnheiður Hergeirsdóttir, umsjónarmaður námsins, kom á fundinn og sagði frá þessari nýju námsleið.

*Námið byggir á samningi HÍ og barnamálaráðuneytisins og er um að ræða 30 eininga diplómanám, samhliða starfi, í fjarnámi ætlað þeim sem lokið hafa B.Ed. B.A. og B.S gráðu. Þó væri gert ráð fyrir 2x2ja daga staðbundnum námslotum á hvorri önn.*

*Ragnheiður fór yfir fyrirkomulag, áherslur og innihald námsins og lagði ríka áherslu á að hér væru allir í lærdómsferli og miklu skipti að eiga virkt samtal við nemendur sem væru starfandi með börnum á vettvangi og aðra hagaðila um mótun og þróun þessarar námsleiðar.*

*Spurt var hvort ekki kæmi til greina að hafa allt námið á netinu en RH svaraði því til að staðlotur hefður reynst mjög mikilvægar í námi sem þessu og það hefði þýðingu fyrir þátttakendur að hittast og kynnast. Vel kæmi til greina að staðlotur yrðu á fleiri stöðum en í Reykjavík ef um það kæmi ósk frá þátttakendum en allt skipulag væri í skoðun. Glærukyning Ragnheiðuar er aðgengileg á Teams-svæði fundarins.*

### 3. Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla

Minnisblað til mennta- og barnamálaráðuneytisins með niðurstöðum umræðufunda um landið og tillögum að næstu skrefum. Ragnar Þorsteinsson kynnir.

*Ragnar fór yfir minnisblað sem hann skilaði til ráðuneytisins í framhaldi af fundarröð sem farin var að frumkvæði ráðuneytisins í samstarfi við sambandið, Grunn og Skólstjórafélag Íslands. Ragnar greindi frá tilurð og fyrirkomulagi fundanna sem voru 8 talsins og . tillögur*

*að áframhaldandi vinnu. Fram koma að verkefnið er nefnt í nokkrum opinberum  
stefnumörkunar skýrslum ráðuneytisins.*

*Ragnar fór yfir helstu tillögur sem fram komu í fundarröðinni. Þar kom m.a. fram að haldið  
skyldi áfram með vinnu með öllum sveitarfélögum um endurskoðun á úthlutun og nýtingu  
fjármagns í grunnskólum og leikskólum.*

*Minnisblað Ragnars er aðgengilegt á Teams-svæði fundarins.*

*Fundi slitið kl. 12.33.*